

62

10. des.

L Ö G

um framlenging á gildi laga um verðtoll.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 47 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, svo og lög nr. 5
3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, með þeim breytingum, sem leiðir af
lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll, skulu gilda til ársloka 1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 10. desember 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

63

10. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin ein má flytja hingað frá útlöndum áfengi og vínanda, sem
leyft er að flytja til landsins og í er meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli.